

Ea.

375. Nefndarálit

um frv. til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir nú á mörgum fundum, og svo ítarlega sem föng voru á, athugað frv. þetta, og komist að þeirri aðalniðurstöðu að ráða háttv. deild til þess að samþykkja það í meginatriðum þess.

Hins vegar hafa nefndarmenn orðið sammála um að ráða til að gera breytingu sjerstaklega á einu atriði frv., ákvæðinu í 4. gr., um að setja á stofn aðalskrásetningarskrifstofu í Reykjavík. Vill nefndin um það atriði athuga það, sem hjer segir.

Í athugasemdum stjórnarinnar um 4. gr. segir, að skrásetning á skipum muni ekki í eins góðu lagi og æskilegt væri, og skal ekki á móti því borið. Nefndin getur hins vegar ekki verið á þeirri skoðun, að úr þessu verði bætt með því, að taka skrásetning skipa undan yfírráðum stjórnarinnar og setja á stofn sjerstaka skrifstofu í þeim tilgangi. Hingað til hefir skrásetning skipa heyrtil undir aðalskrásetningarstofuna í Kaupmannahöfn, og er þeirri skrifstofu áreiðanlega ekki um að kenna, ef skrásetning skipa er ekki í svo góðu lagi sem ætti að vera, og ekki heldur þeirri deild stjórnarráðs, sem hefir verið milliliður milli skrásetningarskrifstofunnar og skráningarstjórnanna í hinum einstöku umdæmum. Aðalgallinn á skrásetningu skipa hjer er áreiðanlega sá, að skráningarstjórnarnir (sýslumenn og bæjarfógetar) hafa ekki átt kost á að fá þá aðstoð, sem þurfti, við mælingar skipa, enda ætíð verið mjög af skornum skamti það fje, sem til þess hefir verið ætlað, en þeir sjálfir ekki mælingafróðir. Þessi nýja skrifstofa, sem stjórnin leggur til að sett sje á stofn hjer í Reykjavík, bætir á engan hátt úr þessari vöntun á mælingafróðum mönnum, og er nær að verja nokkru af því fje, sem til hennar er ætlað, til þess að útvega skráningarstjórum hinna einstöku umdæma mælingafróða aðstoðarmenn, sem væru skyldir, gegn einhverri árlegri þóknun, að mæla skip, er þess þarf, og reikna út mælinguna. Hjer í Reykjavík þarf auðvitað að hafa endurskoðanda mælingarbrjefanna, og þyrfti hans jafnt hvort sem skrifstofa þessi, sem um ræðir í 4. gr. frv., væri sett á stofn eða ekki. Það, sem nú er eftir, er endurskoðandi hefir yfírfarið mælingarbrjef og önnur skjöl skips þess, er skrásetja skal, er að eins að færa skrána, gefa út skírteinið og senda það skráningarstjóra ásamt mælingar- og skrásetningarskjölunum. Nefndin getur nú ekki sjeð, að þetta yrði neitt verulegt starf fyrir dýra skrifstofu, eink-

um þar sem hún telur ekki rjett, að slík skrifstofa hefði neitt úrskurðarvald, ef eitthvað bæri á milli skráningarstjóra og þeirra, er biðja um skrásetning, og telur sjálfsagt, að slíkt heyri undir landsstjórnina, með aðgangi til dómstólanna, ef svo sýnist.

Með skírskotun til þess, sem hjer er tekið fram um aðstoð handa skráningarstjórum, vill nefndin benda stjórninni á, að hún þarf að fá sjer heimild í fjárlögum til þess að verja fje til þessa, eftir því sem hún álitur að nauðsyn krefji.

Þá hefir nefndinni þótt, eftir atvikum, rjett að leggja til, að sektarákvæðin í 22.—25. gr. sjeu hækkuð nokkuð, bæði vegna breytts peningaverðs og vegna þess, að sektarákvæðin svari ekki til þeirra yfirsjóna, sem um er að ræða

Við 1. gr. frv. hefir nefndinni þótt sjálfsagt að bæta sama undanþáguákvæði fyrir skip, sem löglega hafa verið tekin í skipaskrá fyrir 1. desember 1918, sem hún hefir áður ráðið til í frumvarpinu um siglingalögin og háttv. deild samþykkt.

Loks hefir nefndin ekki þótst komast hjá að ráða til allmikilla breytinga á búningi og máli frv. Frv. það, sem fyrir liggur, er að mestu sambljóða hinum eldri lögum, sem á sinum tíma hafa verið að miklu miður vönduð þýðing á útlendum lögum. Hefir nefndin því mátt til að orða sumar greinar frv. um að mestu eða öllu leyti, og kann þó, vegna annrikis og tímaskorts, að vera miður vandlega gert en vera þyrfti.

Á fleiri atriðum telur nefndin ekki þörf að vekja athygli háttv. deildar, fyr en við umræðu málsins.

Samkvæmt framanrituðu ræður hún til að samþykkja frv., með þeim breytingum, sem lagt er til á þingskjali 374.

Efri deild Alþingis, 13. ágúst 1919.

Karl Einarsson,
form.

Kristinn Danielsson,
ritari.

M. J. Kristjánsson.